Nd. **111. Frumvarp til laga** [69. mál]

um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Áki Jakobsson, Gísli Guðmundsson, Finnur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. efnismálsgr. 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Heimilt er ráðherra að láta þetta ákvæði ná til sjúkrahúss, sem reist er á Siglufirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frv. þetta felur í sér þá breytingu frá núgildandi lögum, að ráðherra er heimilt að veita sjúkrahúsinu á Siglufirði sömu réttindi hvað stofnframlög snertir og fjórðungssjúkrahúsum, þ. e. að ríkissjóður leggi fram ⅔ hluta stofnkostnaðar í stað ⅓ hluta. Rökin fyrir því að láta fjórðungssjúkrahúsum í té hærri stofnkostnaðarstyrki eru þau, að þangað leitar fólk úr öðrum sveitarfélögum en því, sem sjúkrahúsið er reist í, og því eðlilegt, að framlag af almennu fé verði meira. Þetta gildir alveg eins um sjúkrahús, sem reist eru á Siglufirði, sem er mesta verstöð í landinu. Í sjúkrahúsinu á Siglufirði er einatt mikið af aðkomufólki, sjómönnum og verkafólki, sem stundar vertíðarvinnu, og að því leyti er aðstaðan sú sama og fyrir fjórðungssjúkrahúsin.“